

## BRÚÐKAUP FIGAROS

Þorvaldur S. Þorvaldsson, móðurbróðir minn, flutti meðfylgjandi ljóð fyrir systur sínar Dóru, Dísu og Þóru í jólaboði árið 2004. Ljóðið skrifaði hann upp árið 1950 eftir Jóni J. Víðis (Jónssonar Þveræings) sem söng það fyrir hann. Jón lærði það af móður sinni Halldóru Sigurðardóttur sem söng það iðulega þegar vel lá á henni. Hún lærði ljóðið af Þverárbræðrum - þ.e. Jóni manni sínum og bræðrum hans Snorra og Benedikt - sem sungu það úti á velli við arú Figaros; Non più andrai, farfallone amoroso úr Brúðkaupi Figaros eftir Mozart. Arían er lokaatriði fyrsta þáttar óperunnar. Söngur þeirra hljómaði einnig iðulega í göngum torfbæjarins, fjósi og baðstofu. Benedikt lék á hljóðfæri og las og skrifaði nótur, enda sendi hann sr. Bjarna Þorsteinssyni á Siglufirði fjölda laga (í nótnaskrift).

Snorri tók við Þverá. Synir hans Páll, Jón, Áskell og Jónas eignuðust grammofón fljótlega uppúr aldamótunum 1900 og mikið af plötum með óperuaríum með frægum söngvurum þess tíma. Það hefur líklega verið Páll (1885-1965) sem keypti grammofóninn uppúr útlendum póstlista - með allra fyrstu mönnum. Það er annar grammofónn sem nú er í gamla bænum á Þverá - líklega frá þriðja áratugnum. Þegar Páll lést fengu bræður hans Áskell og Jónas plöturnar, en Jón var þá látinn. Snorri lifði til 1928 svo líklega hefur hann verið í söngfélaginu. Og líklegt er að menningarfrömuðurinn Benedikt á Auðnum - bróðir Jóns Þveræings og Snorra - hafi tekið undir þegar hann átti leið hjá, sem var ósjaldan, en hann lést ekki fyrr en 1939. Jón Þveræingur og Halldóra fluttu suður árið 1898, en það er fyrir tilkomu grammofónsins. Þau komu líklega ekki að Þverá eftir það. Jón J. Víðis sonur þeirra kom hins vegar oft að Þverá, en þar fæddist hann árið 1894.

Þegar Þorvaldur og Jón Víðis komu að Þverá sumarið 1942 sátu þeir Snorrasynir undir gafla á sólskinsdegi og hlustuðu á Caruso. Stoltir sýndu þeir frændum sínum hljómplötur sínar, en hey lágu óhreyfð á velli. Listin hafði forgang þá stundina.

Ljóðið sem Halldóra kunni við Brúðkaup Figaros er svona:

### Fagnar hjörð

Ennþá hér fagurt er  
undir Núpi.  
Brátt oss frá snúa má,  
snjórinn gljúpi.  
Fagnar hjörð, fleygir jörð fannahjúpi,  
viknar ís vorið rís, tra-la-la.

Annast hjörð inn um skörð,  
upp til dala.  
Fara þeir, firðar tveir,  
fé að smala.  
Ganga snjó, gil og skóg, grjót og bala,  
horfa þrátt, hátt og lágt, tra-la-la.

Eftir lát Páls tók Jónas allan plötustafinn til Áskels, sem hafði flutt suður 1962 og þeir skiptu honum. Hlutur Jónasar fór aftur heim að Þverá – þar sem hann er enn. Áskell Jónasson sýndi mér vorið 2005 fimmtíu plötur. Þær elstu eru jafnstórar 33 rpm. plötunum með efni öðrum megin, síðar báðum megin. Síðan komu þær 78 snúninga plötur sem margir kannast við og eru nokkuð minni. Safnið er afar gott. Þar eru mörg höfuðverk tónbókmenntanna. Þar eru m.a. Bach, Beethoven, Bellini, Bizet (Carmen), Borodin, Brahms (Ungverskur dans), Gounod (Ave Maria),

Grieg (m.a. með Kirsten Flagstad), Mascagni (Cavalleria Rusticana með Tito Schiba), Kahn (Ave Maria með Enrico Caruso), Mozart (Ave Verum & Adagio), Puccini (Madame Butterfly), Rossini (Rakarinn frá Sevilla), Saint – Saëns (Danse Macabre), Schubert, Strauss, Verdi (Á valdi örlaganna frá La Scala líklega frá 1915 & I Lombardi frá aldarafmæli Verdis árið 1913 & La Traviata & Rigoletto) og Wagner (Tannhäuser & Hollendingurinn fljúgandi). Þarna eru einnig m.a. Dómkirkjukórinn, Dóra Sigurðsson, Eggert Stefánsson (Páll Snorrason á Þverá og Eggert voru vinir), Einar Markan, Jón Lárusson (rímur), Karlakór Akureyrar (undir stjórn Áskels Snorrasonar frá Þverá), Karlakórinn Geysir, Kósakkakórinn sem kenndur er við Úral, Lizzie Þórarinsson frá Halldórsstöðum í Laxárdal, María Markan og Pablo Casals (cellisti). Sjaldnast eru ártöl á plötunum. Þau sem ég fann eru frá tímabilinu 1913 til 1930. Áskell Jónasson telur líklegt að upptaka með Caruso - og þar með platan - sé eldri eða frá 1906-1908. Hvað óperur varðar eru hér aðeins einstakar aríur. Plöturnar eru allar einstaklega vel með farnar. Áskell segir þá Snorrasoni hafa skipt um nál eftir hverja spilun til að hlífa plötunum. Kemur það allt heim og saman við búskaparhætti á Þverá, sem var annálað fyrirmyndarheimili - og frá segir annars staðar.

Í Safnahúsinu á Húsavík er grammofónn sem Páll Árnason á Þverá í Reykjahverfi átti. Frá því sagði Guðni Halldórsson. Pálar þessir voru systrasynir. Þeir hittust oft til að hlusta á plöturnar sínar og pöntuðu saman plötur að utan. Frá því sagði Áskell Jónasson.

Reynir Axelsson hjálpaði mér að finna rétta aríu við ljóðið. Hún kemur heim og saman við þá aríu sem Þorvaldur S. syngur kvæðið við. Már tók saman. Síðast uppfært í 25. des. 2011.